

52

Ákvæði til bráðabirgða.

14. ágúst

Í kosningum þeim, sem fram fara næst eftir gildistöku þessara laga, skulu vera tveir kjördagar, þó ekki í þeim kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsþéttbýlis.

Ef öll kjörstjórnin er sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, má kjörstjórn, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, ákveða, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkv. 82. gr., nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. málsg. 128. gr.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag kl. 12 á hádegi.

Gjört í Reykjavík, 14. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

53

FORSETA BRÉF

15. ágúst

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 79. löggjafarþing, hefur lokið störfum.

Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 15. ágúst 1959.

Gjört í Reykjavík, 15. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

54

FORSETA BRÉF

15. ágúst

um almennar kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt ákvæði um stundarsakir í stjórnarskipunarlögum nr. 51 frá 14. ágúst 1959, um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944, skulu almennar kosningar til Alþingis fara fram, er nefnd stjórnarskipunarlög öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.